Lífið heldur áfram í Úkraínu



Fréttir ➤ 8

Vondur verbúðingur



Lífið ➤ 30

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

31. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR · frettabladid.is · ÞRIÐJUDAGUR 15. FEBRÚAR 2022



Hetjur gærdagsins voru ekki með skikkju heldur skóflu. Ástandið í höfuðborginni var þannig að aðstoð þeirra var kærkomin. Fyrir utan þennan höfðingja sem mokaði litla bílinn upp voru um 90 björgunarsveitarmenn að sinna verkefnum, aðallega í efri byggðum. Í neðri byggðum, sérstaklega í miðbænum, þótti lögreglunni þarft að minna á að grýlukerti hefðu myndast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Flestir hlynntir brottvikningu við ásakanir

**Íslendingar eru almennt hlynntir því að komi ásökun um kynferðisbrot fram þurfi viðkomandi að víkja úr stjórn og stjórnunarstörfum.**

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Mikill meirihluti, eða um 75 prósent, þeirra sem tóku afstöðu í skoðanakönnun Prósents segist vera hlynntur því að þeim, sem hafa verið ásökuð um kynferðisbrot verði, verði vikið úr stjórnunarstörfum eða stjórnum fyrirtækja og félaga.

Miðaldra fólk, 45 til 54 ára, sker sig töluvert úr frá öðrum aldurshópum því þar eru heil 16 prósent andvíg því að stjórnendur þurfi að bera ábyrgð komi fram ásökun um kynferðisbrot.

Þó eru 67 prósent þeirra hlynnt slíkri ákvörðun sem er það lægsta í öllum aldursflokkum.

Þá eru 15 prósent karlmanna andvíg því að stjórnarmenn eigi að víkja komi ásökun fram og 65 prósent hlynnt en 20 prósent taka ekki afstöðu.

Ungt fólk er yfirleitt hlynnt því að stjórnendur og stjórnarmenn þurfi að axla ábyrgð komi ásökun upp á yfirborðið en 80 prósent eru hlynnt því að stjórnendur þurfi að bera ábyrgð á gjörðum sínum.

**Á að víkja einstaklingi úr stjórnunarstörfum komi fram ásökun um kynferðisbrot?**




Hlutfallið minnkar eftir því sem fólk verður eldra, þó ekkert jafnist á við hlutfall þeirra sem miðaldra eru.

Alls eru 10 prósent þeirra sem eru 65 ára og eldri andvíg því að einhverjum sé vikið úr starfi komi ásökun upp og 11 prósent þeirra sem eru 55 til 64 ára. Um 20 prósent eldra fólks taka ekki afstöðu og sögðu hvorki né.

Um netkönnun var að ræða hjá Prósenti og var hún framkvæmd dagana 14. til 26. janúar. Úrtakið var 2.300 einstaklingar 18 ára og eldri og svarhlutfall var 50 prósent.

Sjá nánar á Fréttablaðið.is

## Þorsteinn Már kannast ekki við mynd Verbúðar

**LÍFIÐ** Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, segist aðspurður ekki tengja við þá mynd sem dregin var upp í sjónvarpsþáttaröðinni Verbúðinni sem setti þjóðina nánast á hliðina.

„Ég ætla bara að segja að ég hef tengst sjómennsku í áratugi, lengi. Og hef tekið þátt í þessu sem atvinnurekandi frá ’83. Ég kannast ekki við þessa mynd sem er verið að draga upp,“ segir Þorsteinn.

Lokaþátturinn af Verbúðinni var sýndur á sunnudag en þjóðin hefur setið límd við skjáinn. SJÁ SÍÐU 28

Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn **fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl** með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · mitsubishi.is/eclipse



*Að sjálfsögðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.


Frá áfangaheimilinu í Kópavogi.

# Átök um spritt og tóbak í Kópavogi

bth@frettabladid.is

**KÓPAVOGUR** Árekstrar hafa orðið milli starfsmanna velferðarsviðs Kópavogsbæjar sem starfa að Fannborg 6 og heimilislausra vistmanna sem hafa fengið húsaskjól á áfangaheimili, Fannborg 4, um nokkurra missera skeið.

Heimilinu verður lokað að óbreyttu um næstu mánaðamót að kröfu slökkviliðs.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa, ótengt kröfu um betri brunavarnir, einnig komið upp atvik sem mætti kalla árekstra milli vistmanna og starfsmanna velferðarsviðs Kópavogs.

”

**Það er orðum aukið að segja að það hafi orðið árekstrar.**

Sigríður Björg Tómasdóttir, almannatengill Kópavogsbæjar

Vistmaður lenti í geðrofi sem hafði afleiðingar fyrir hverfið auk þess sem íkveikjumál kom upp. Þá tók einn vistmaður áfangaheimilisins sóttvarnasprittbrúsa á velferðarsviðinu og hafði með sér. Það var litið alvarlegum augum og var bekkur fyrir utan heimilið, þar sem vistmenn sátu og reyktu, fjarlægður að ósk starfsmanna.

„Það er orðum aukið að segja að það hafi orðið árekstrar,“ segir Sigríður Björg Tómasdóttir, almannatengill Kópavogsbæjar.

„Umgengni við Fannborg 4 hefur þó ekki alltaf verið til fyrirmyndar og gerðar hafa verið athugasemdir um það við rekstraraðila,“ segir hún.

Varðandi bekkinn segir Sigríður að hann hafi verið fjarlægður og settur í viðgerð vegna skemmda.

„Bekkurinn verður settur upp á ný þegar viðgerð er lokið.“ ■

# Með augun á boltanum


Alveg sama er hvernig veðrið er, ferfætlingar borgarinnar þurfa að fá sína útiveru. Þessi hundur fékk sína útiveru á Arnarhóli og óð skafla og snjó eins og ekkert væri. Eigandinn hafði kastað litum bolta út í snjóinn og eins og alvöru íþróttahetja hélt hvutti augunum á boltanum og sótti án vandkvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þórdísaslagur innan Viðreisnar

benediktboas@frettabladid.is

**PRÓFKJÖR** Þórdís Sigurðardóttir framkvæmdastjóri sækist eftir fyrsta sæti í prófkjöri Viðreisnar í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarkosningar og fer þar með í baráttu við Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur.

Þórdís segir að til að bæta velferð og þjónustu í borginni sé einnig mikilvægt að bregðast við ákalli atvinnulífsins um að stytta boðleiðir og einfalda ferla með raunverulegum hætti.

Þá segist hún vilja að hlustað sé á raddir íbúa hverfa með markvissari hætti. „Með því tel ég að hægt sé að finna fjölbreyttar lausnir og valkosti þegar kemur að mikilvægustu þáttum nærþjónustunnar og sem varða borgarbúa mestu máli.“ ■

# Ekkja áfrýjar og vill bætur vegna missis framfæranda

**Miskabætur til þriggja barna flugmanns sem lést í flugslysi í Barkárdal 2015 hafa verið greiddar. Kröfu ekkjunnar um bætur vegna missis framfæranda var vísað frá dómi vegna galla en nú kveðst hún hafa skjöl sem staðfesta tekjur manns hennar.**

gar@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** „Ætlunin er að reyna að ná samkomulagi utan dómstóla,“ segir Roslyn Wagstaff sem áfrýjar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli vegna andláts eiginmanns hennar í flugslysinu í Barkárdal 2015.

Niðurstaða héraðsdóms í nóvember síðastliðnum var sú að flugstjórinn Arngrímur Jóhannsson hefði borið á ábyrgð á því að flugvél hans brotlenti í Barkárdal og Kanadamaðurinn Arthur Grant Wagstaff lét lífið.

Roslyn, sem er ekkja Grants, fékk dæmdar rúmlega þrjár milljónir króna í miskabætur og eina milljón í útfararkostnað en dómurinn vísaði frá 36 milljóna króna kröfu hennar um greiðslur vegna missis framfæranda þar sem krafan væri vanreifuð og galli væri í kröfugerðinni.

Roslyn segir að eins og málið horfi við henni hafi þróun málsins að mestu leyti verið jákvæð. „Það er náttúrlega gremjulegt að vera frá öðru landi og menningu og skilja ekki til fulls hvernig hlutirnir virka í ykkar landi í samanburði við hvernig við höfðum búist við að þeir myndu þróast hér í Kanada,“ segir hún.

Að sögn Roslyn er fjölskylda Grants ánægð með að dómurinn var þeim í hag. „Við trúðum því staðfastlega frá byrjun að það væri eina sanngjarna, réttláta og viðeigandi niðurstaða,“ segir ekkjan sem kveður upphæð bótanna hafa verið vonbrigði.


Arthur Grant Wagstaff átti að ferja flugvél Arngríms Jóhannssonar frá Keflavík til Bandaríkjanna en vélin fórst er Arngrímur hugðist fljúga henni suður. MYND/AÐSEND

”

**Ég hef skjöl sem styðja kröfu mína svo ég er bjartsýn á að við náum ásættanlegu samkomulagi fljótlega.**


Roslyn Wagstaff, ekki Arthurs Grants Wagstaff

Roslyn og þrjú börn hennar gerðu hvert um sig bótakröfu í málinu og námu samanlagðar kröfur þeirra um 90 milljónum króna. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi ekkjunni og börnunum samtals um tíu milljónir króna í bætur.

„Ég á líka erfitt með þá staðreynd að makaframfærslu var vísað frá þar sem Grant vann erlendis um margra ára skeið og ég hafði einfaldlega ekki þau skjöl sem krafist var til að sýna fram á tekjur hans. Við erum að vinna að því og ég hef skjöl sem styðja kröfu mína svo ég er bjartsýn á að við náum ásættanlegu samkomulagi fljótlega,“ segir Roslyn sem er eins og fyrr kom fram að reyna að ná samkomulagi við Arngrím og Sjóvá, þar sem flugvélin var tryggð, án þess að koma þurfi til frekari kasta dómstóla.

Börnum Roslyn og Grants, þeim Sarah, Claire og Tyler, voru dæmdar um tveggja milljóna króna bætur hverju um sig eftir föður sinn. Þau hyggjast ekki áfrýja niðurstöðunni.

„Við sömdum og fengum greitt um miðjan desember,“ segir Sarah sem kveðst líklega munu koma til Íslands ásamt eiginmanni sínum til að vitja slysstaðarins í Barkárdal og ferðast um landið. ■






Kaupauki við aukahlutina þína að verðmæti

# 618.000 kr.

Þú kaupir aukahluti* að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

# Rekstur spilakassa gæti haft áhrif á orðspor Háskóla Íslands

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Í grein um Háskóla Íslands í síðustu viku á vef tímaritsins Times Higher Education (THE), er farið ítarlega yfir fjáröflun skólans með spilakössum. Í greininni segir að HÍ standi frammi fyrir auknum samfélagslegum þrýstingi vegna fjáröflunar í gegnum spilakassa í landi þar sem fjárhættuspil sé að mestu bannað.

THE heldur úti lista yfir bestu háskóla heims og er annar tveggja áhrifamestu og virtustu matslista á þessu sviði í heiminum.

Hefur HÍ sett sér markmið um að vera meðal þeirra 100 bestu en er sem stendur í sæti 401.-500. sæti á lista THE. Á síðasta ári var skólinn í hópi 300 bestu háskóla heims á sviði félagsvísinda og í sæti 301-400 á sviði menntavísinda.

„Einkunnirnar taka mið af gögnum, meðal annars viðmiðum um orðspor sem sett eru af alþjóðlegum kollegum,“ segir Ellie Bothwell, ritstjóri hjá THE, spurð að því hvernig siðferðisleg gildi hafi áhrif á einkunnagjöf þegar háskólar eru metnir á lista tímaritsins yfir bestu háskóla heims.



Tekjur Háskóla Íslands af spilakössum sæta gagnrýni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bothwell segir í skriflegu svari sínu við fyrirspurn Fréttablaðsins að skólum séu gefnar einkunnir á þeim forsendum að skólinn sé vel metinn af viðeigandi skólayfirvöldum. „Viðeigandi yfirvöld menntamála eiga sömuleiðis að taka á kvörtunum um hegðun háskóla,“ segir hún.

Innt nánar eftir því hvort og hvaða áhrif það kunni að hafa fyrir stöðu skóla á listanum að hann afli fjár með fjárhættuspilum, svarar Bothwell því ekki öðru vísi en svo að THE bregðist við því á viðeigandi hátt ef orðspor þeirra teljist hafa skaðast. ■


Lögreglumaður mundar rafbyssu.

## Eðlilegt skref að lögreglan fái að bera rafbyssur

elinhirst@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** „Það eru margir minna kollega sem telja þetta eðlilegt skref, að lögreglumenn hafi aðgang að eða beri rafbyssur,“ segir Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn og bendir á að það sé allrar skoðunar vert eins og ástandið sé orðið. Rætt var við Grím á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær.


Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn

Notkun skotvopna hefur aukist hér á landi undanfarin misseri, og um helgina var notuð þrívíddarprentuð byssa í skotárás í miðbænum. Á síðustu dögum hafa orðið tvö atvik þar sem skotvopnum var beitt í Reykjavík. Rúmt ár er síðan morð var framið í Rauðagerði með skotvopni og þá hefur verið skotið á heimili borgarstjóra og í sumar var skotvopnum beitt á kaffistofu Samhjálpar og á Egilsstöðum. ■

# Afnema þurfi lágmarksupphæð af ríkistryggingu vegna ofbeldisbrota

Sparnaðaraðgerð eftirhrunsáranna stendur í vegi fyrir að þolendur vægari ofbeldisbrota fái tryggðar bætur úr ríkissjóði. Þá standa þolendur með réttargæslumenn verr að vígi en þeir sem hafa eigin lögmann.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Bætur hafa verið dæmdar í 900 ofbeldismálum á 10 árum og árlega berast Bótanefnd um 500 umsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNSÝSLA** Varaþingmaður Pírata vill afnema 400 þúsund króna lágmark af bótum vegna ofbeldisbrota sem ríkið tryggir þolendum. Lágmarkið var hækkað mikið eftir bankahrunið en þolendum reynist oft erfitt að innheimta bætur, tryggi ríkið þær ekki.

„Þegar þolandanum eru dæmdar bætur sem hann þarf að innheimta sjálfur er hann skilinn eftir með hálfklárað mál. Það væri miklu eðlilegra að ríkið kláraði málið gagnvart þolandanum,“ segir Indriði Ingi Stefánsson, varaþingmaður Pírata.

Í stefnumótunarstarfi í grasrót flokksins hafi hann heyrt það frá fólki að afar erfitt sé að fá bætur greiddar gangið ríkið ekki inn á milli, eins og gert er í meðlagskerfinu. „Mér skilst að ef ríkið tryggir ekki bæturnar, skili þær sér sjaldnast,“ segir hann.

Í svari við fyrirspurn til dómsmálaráðherra kemur fram að bætur hefðu verið dæmdar í 900 ofbeldismálum undanfarin áratug. Ekki lægi þó fyrir hversu stór hluti væri undir lágmarkinu. Í menginu eru allar tegundir ofbeldisbrota, líkamlegra, kynferðislegra og andlegra.

Lágmarkið var hækkað úr 100 þúsundum í 400 þúsund árið 2009

> Það væri miklu eðlilegra að ríkið kláraði málið gagnvart þolandanum.


Indriði Ingi Stefánsson, varaþingmaður Pírata

með frumvarpi Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi fjármálaráðherra, til þess að draga úr ríkisútgjöldum. Ríkissjóður stóð þá illa og átti breytingin að spara 60 milljónir á ári, en meirihluti greiddra bóta var þá á bilinu 100 til 400 þúsund krónur. Fjárhæðin hefur staðið óhögguð síðan.

Halldór Þormar Halldórsson, ritari bótanefndar, segir að lágmarkið eigi ekki aðeins við um dæmdar bætur heldur einnig þær sem koma beint inn á borð nefndarinnar. Þolendur geta fengið greiddar bætur frá ríkinu þó að gerandi sé til dæmis látinn eða óþekktur.

Alls rati um 470 til 500 mál árlega inn á borð bótanefndarinnar en fá undir 400 þúsundum því lögmenn viti að það fáist ekki greitt. Málin sem séu undir þessu viðmiði eru til dæmis vægari kynferðisbrotamál eins og myndbirtingarmál sem mikið eru í deiglunni.

Halldór segir kerfið bjagað hvað varðar þessar lægstu kröfur því málskostnaður er reiknaður inn í höfuðstólinn. Sé því munur á hvort þolendur séu með réttargæslumenn eða eigin lögmenn.

„Ef brotaþoli fær 300 þúsund krónur í bætur en var með réttargæslumann fær hann ekkert vegna þess að réttargæslan er greidd úr ríkissjóði eftir sérstökum leiðum,“ segir Halldór. „Ef brotaþoli er með lögmann, sem fær kannski 300 þúsund, fær hann greitt því að þá er höfuðstóllinn orðinn 600 þúsund.“

Þolendum er útvegaður réttargæslumaður í mörgum kynferðisbrotamálum, heimilisofbeldismálum og alltaf ef þolandi er undir 18 ára.

Indriði segir miklu máli skipta að þolendur ofbeldis þurfi ekki að hafa frekari afskipti af gerendum sínum eftir dóm. Nógu mörg nálaraugu hafi verið þrædd þegar mál er rannsakað, fer fyrir dóm og er dæmt. Það er þó aðeins brot af heildarfjölda ofbeldismála. Segist hann ætla að beita sér fyrir afnámi lágmarksins, hvort sem er með frumvarpi eða þingsályktunartillögu, næst þegar hann dettur inn á þing. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX. KOMDU OG REYNSLUAKTU!

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF




5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 7.479.000 KR.

Jeep rafknúnu jepparnir henta íslenskum aðstæðum um allt land

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep 4xe

Ástandsskoðun | Fjármögnun á staðnum | Mikið úrval | WWW.BILALAND.IS

# 4X4

## Fjórhjóladrifnir fyrir íslenskar aðstæður

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.




**SUBARU Outback LUX Eyesight**
Nýskr. 09/19, ekinn 34 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**6.290.000 kr.**




**HYUNDAI Tucson Comfort MHEV**
Nýskr. 05/20, ekinn 14 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**6.290.000 kr.**




**NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 06/18, ekinn 74 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**4.790.000 kr.**




**SUBARU Forester Premium**
Nýskr. 03/20, ekinn 53 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**5.590.000 kr.**




**LAND ROVER Discovery 5 HSE**
Nýskr. 11/17, ekinn 92 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**8.690.000 kr.**




**BMW X3 Xdrive30e**
Nýskr. 10/20, ekinn 22 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**7.890.000 kr.**




**LAND ROVER Discovery Sport SE**
Nýskr. 10/17, ekinn 42 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**5.890.000 kr.**




**HYUNDAI Santa Fe IV Premium**
Nýskr. 09/19, ekinn 31 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ:**
**7.790.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM009633

# VIÐ ERUM FLUTT Á K7

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði rétt handan við hornið.




OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

**Bílaland og Hyundai notaðir**
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland
www.facebook.com/bilaland.is


Mikill liþíumforði er í náttúruperlunni Salinas Grandes hátt í Andesfjöllunum í Argentínu og renna námafyrirtæki þangað hýru auga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Liþíumríki ráðgera myndun samtaka

gar@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Bólivía og Argentína sem ásamt Síle sitja á 63 prósentum liþíumbirgða heimsins bræða nú með sér að stofna samtök til að stýra vinnslu og verðlagningu á hinum eftirsótta málmi. Rætt er um að þau verði í stíl við OPEC-samtökin sem olíuframleiðsluríki hafa með sér að sögn spænska dagblaðsins El País.

Liþíummálmurinn hefur einstaka rafleiðni og er notaður í rafhlöður. Málmurinn er að sögn El País forsenda framleiðslu og framþróunar í gerð rafbíla.

Auk Argentínu, Sílé og Bólivíu, sem ráða yfir fyrrgreindum 63 prósentum liþíumforðans, er áætlað að í Perú og Mexíkó séu um þrjár milljónir tonna af málminum. Þannig segir El País að í liþíum felist tækifæri fyrir Suður- og Mið-Ameríku til að rétta af kúrsinn í efnahagslífinu sem var ekki burðugt fyrir kórónaveirufaraldurinn og er það enn síður í dag.

Markaðsverð á liþíum hækkaði um 80 prósent á árinu 2021, vitnar El País til Bloomberg-viðskiptafréttamiðilsins. Fyrir aðeins fjórum árum hafi Bloomberg spáð að meira en helmingur af nýjum bílum í þróaðri löndum verði rafdrifinn á árinu 2040. KPMG hefur hins vegar í nýlegri spá gert ráð fyrir að 52 prósent nýrra bíla verði rafbílar þegar árið 2030. Vísað er í að meira en ellefu hundruð stjórnendur í bílaiðnaðinum telji að greinin muni ganga í gegn um róttæka breytingu á næstu fimm til tíu árum.

Þjóðir heims eru nú í óðaönn að huga að því að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Í fyrrnefndum löndum í Suður- og Mið-Ameríku hefur þjóðernissinnum, að sögn El País, verið að vaxa fiskur um hrygg og margir eru fylgjandi þeirri hugmynd að liþíumvinnslan verði sett undir stjórn ríkisins. Aðrir eru því andvígir af umhverfisástæðum. Fyrir íbúa álfunnar er liþíum dýrmætur málmur á borð við gull og silfur og hefur verið nýttur frá því á nýlendutímanum. ■

Kommuneqarfik Sermersooq Reykjavíkurborg Tórshavnar kommuna

**Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir árið 2022**

Reykjavíkurborg er aðili að Vestnorræna höfuðborgasjóði Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmálamanna og veita fjárstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðborganna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþrótta.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

**Umsókn skal beint til:**
*Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk,*
*Reykjavíkur og Þórshafnar*
*b.t. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara*
*Ráðhúsi Reykjavíkur*
*Tjarnargötu 11*
*101 Reykjavík*

**Umsóknir berist eigi síðar en sunnudaginn 1. maí 2022.**
og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu. Umsóknir skal senda á ofangreint heimilisfang eða á netfangið vestnor@reykjavik.is á umsóknareyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/vestnorraeni

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, s. 411 4500.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun á árlegum fundi sínum í september 2022.

***Reykjavík, 15. febrúar 2022***
***Borgarritari***


Frá heræfingu Rússa á landamærum Úkraínu og Hvíta-Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Úkraínumenn langþreyttir en óttast ekki innrás Rússa

Úkraínskur blaðamaður sem búsettur er hér á landi telur litlar líkur á innrás Rússa sökum úreltra hergagna rússneska hersins. Íslendingur búsettur í Kænugarði telur meiri líkur á innrás en segir almenning í borginni þó ekki óttasleginn.


Óskar Hallgrímsson, myndlistarmaður

> ”
> **Aðild að NATO er okkar eina tækifæri til að öðlast raunverulegt sjálfstæði.**


Ihor Stakh, blaðamaður

ninarichter@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Úkraínski blaðamaðurinn Ihor Stakh hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 2019. Hann hlaut dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli alþjóðlegrar verndar árið 2020.

„Ég skil ekki hvers vegna ríkisstjórnir vestrænna ríkja eru að kalla fólk heim frá Úkraínu. Af hverju er ekki verið að kalla fólk heim frá Rússlandi, eins og ástandið er þar?“ spyr úkraínski blaðamaðurinn Ihor Stakh sem flúði til Íslands árið 2019. Hann segir að forsendur spennu á úkraínsku landamærunum séu annars vegar vilji Rússa til að innlima Úkraínu í landið en einnig sé stór þáttur vilji Vladimírs Pútín til að líta út á ákveðinn hátt í augum alþjóðasamfélagsins.

Að sögn Ihors varð Pútín pólitískt einangraður eftir innrásina í Úkraínu árið 2014. Mikið hafi þó breyst á síðustu átta árum og nú keppist þjóðarleiðtogar um að ræða við hann.

„Pútín hefur líka spillt evrópskum leiðtogum með valdi. Þegar þeir láta af embætti afhendir hann þeim vel launuð störf hjá stórum rússneskum fyrirtækjum. Þarna er til dæmis fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, François Fillon,“ segir Ihor.

François Fillon er í dag meðal stjórnarmanna rússneska olíurisans Sibur, síðan í desember á síðasta ári. Stjórnendur fyrirtækisins eru rússnesku ólígarkarnir Leonid Mikhelson og Gennaddy Timchenko, en Timchenko er einn af nánustu vinum Pútíns. Tengdasonur Pútíns er hluthafi í fyrirtækinu, segir í umfjöllun Politico um málið.

Meðal annarra evrópskra embættismanna sem gegna háum stöðum í rússneskum stórfyrirtækjum í kjölfar embættisloka eru fyrrverandi utanríkisráðherra Austurríkis, Karin Kneissl, og fyrrverandi kanslari Þýskalands, Gerhard Schröder.

Ihor telur að ekki verði af innrás vegna þess að hergögn Rússa séu gömul og ekki á pari við þau sem vesturveldin búa yfir. Almenningur í Úkraínu sé sömuleiðis að vígbúast. „Aðild að NATO er okkar eina tækifæri til að öðlast raunverulegt sjálfstæði,“ segir hann og leggur áherslu á að Úkraínumenn séu langþreyttir, frekar en óttaslegnir.

Óskar Hallgrímsson er myndlistarmaður og ljósmyndari. Hann er búsettur í Kænugarði ásamt úkraínskri eiginkonu sinni, Maariku. „Ég er að ljósmynda í landinu sem heimildaljósmyndari og ef það verður innrás mun ég halda því áfram,“ segir hann.

„Við erum á mjög öruggum stað í borginni, við hliðina á aðalbyggingu vopnaeftirlits Evrópusambandsins.“

Hann segir stemninguna í borginni ekki þunga, en Úkraínumenn haldi áfram sínu daglega lífi. „En maður er ekki með áhyggjumæli í vasanum,“ bætir hann við.

Óskar segist vera í miklum og stöðugum samskiptum við blaðamenn og ljósmyndara á svæðinu. „Mér finnst Úkraínumenn sjálfir líta þetta jákvæðara ljósi, og segja að panikk hjálpi ekki neinum.“ Hann bendir á að vissulega hafi Úkraínumenn hagsmuna að gæta þar. „Þeir vilja ekki að fólk hlaupi í bankann og tæmi matvörubúðir. Þannig fílingur er alls ekki í gangi hérna,“ segir hann.

Að sögn Óskars líta blaðamenn á svæðinu málið öðrum augum. „Þau telja 95 prósent líkur á að hann komi inn. Hversu mikil og stór sú innrás yrði veit enginn.“

Óskar segir að almenningur í landinu upplifi yfirvofandi innrás sem hluta af stríði við Rússa sem varað hafi í átta ár. Hann segir að útlit sé fyrir að ráðist verði inn í Kænugarð frá hvít-rússnesku landamærunum. Ríka fólkið sé allt flúið land og engar einkaþotur séu eftir í Úkraínu.

„En flestir eru sammála um að hann muni ekki sprengja Kiev af því að hér er svo mikil menningararfleifð. Hér eru kirkjur og fleira sem rússneskum almenningi er ekki sama um. Og Kiev er mjög vel varin.“

Óskar segir að hann og kærasta hans séu með áætlun og varaáætlun ef allt fari á versta veg. Hann segir einnig að fólk á svæðinu fylgist vel með fréttum. ■

## Hæsta bílaleiguverðið er hér á Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Bílaleiguverð hefur rúmlega tvöfaldast í faraldrinum samkvæmt greiningu bresku neytendasamtakanna Which? Meðalvikuleiga, sem kostaði 99 pund í október árið 2019, hafði hækkað í 223 í sama mánuði árið 2021. Úr rúmum 17 þúsund krónum í rúmar 39 þúsund krónur.

Verðin voru skoðuð í löndum sem breskir ferðamenn heimsækja gjarnan og ákveðnir viðmiðunarbílar notaðir. Hæsta verðið mældist 968 pund, eða rúmlega 165 þúsund krónur fyrir vikuleigu á Volkswagen Polo á Íslandi. Árið 2019 hafi almennt bílaleiguverð á Íslandi verið í kringum 300 pund, eða 50 þúsund krónur. Hækkanir eru víðast hvar yfir 100 prósentum, og í Portúgal eru þær nálægt 200 prósentum. Sums staðar eru þær þó hófstilltari, svo sem 24 prósent í Frakklandi.

Bílaleigur hér á landi hafa nefnt bílaskort sem ástæðu fyrir verðhækkunum. Leigurnar hafi losað sig við stóran hluta flotans þegar faraldurinn skall á. Nú sé verið að kaupa nýja bíla en þá sé framboðið á litlum bílum frá framleiðendum minna en áður. ■

# 20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
## af öllum Truper og Tactix vörum!




**YFIR ÞÚSUND VÖRUNÚMER!**

**Sendum um land allt – murbudin.is**

TACTIX TRUPER

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

# Áfram gakk



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Manstu hvernig var að ferðast með flugvél fyrir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum þann 11. september 2001? Þú kannski bölvar ströngum öryggisreglum standandi í langri röð, á meðan þú stressast yfir því hvort einhver bannvara hafi mögulega villst ofan í handfarangurinn – en leiðir hugann lítið að því hvernig þetta var fyrir tveimur áratugum. Eða hreinlega hefur ekki upplifað það. Þetta er bara svona og við erum vön að aðlagast breytingum. En fyrir árið 2001 gátu flugferðir hreinlega verið ánægjuleg lífsreynsla þar sem börn og flughræddir fengu jafnvel að heimsækja flugstjórnarklefann í miðju flugi. Ekki afplánun þar sem farþegar eru álitnir möguleg ógn.

Nú þegar við virðumst sjá fyrir endann á miklum skerðingum á einstaklingsfrelsi vegna viðbragða stjórnvalda við heimsfaraldri er mikilvægt að íhuga hvernig við höldum áfram héðan. Næstkomandi laugardag er ráðgerð brautskráning kandídata frá Háskóla Íslands. Ekkert verður þó um hefðbundna athöfn á vegum skólans sem ber fyrir sig samkomutakmarkanir – þó auðvitað sé öllum ljóst að þær eigi ekki lengur við og það hafi legið fyrir í tæka tíð til að endurskoða þessa ákvörðun. Tveimur vikum fyrir téða brautskráningu Háskóla Íslands, brautskráði Háskólinn í Reykjavík 208 nemendur við hátíðlega athöfn í Hörpu og sömu helgi fylltust leikhúsin á ný. Á meðan öldurhús borgarinnar hafa opnað dyr sínar upp á gátt og inn og út streyma góðglaðir gestir fram á nótt fá nemendur, sem jafnvel hafa þolað skerðingar allt háskólanám sitt, að sækja prófskírteini sitt í anddyri Háskólabíós, með grímu fyrir vitum, smella af sér mynd og ganga út um hliðarinngang. Það er skammarlega lítill hátíðarbragur yfir því.

Unga fólkið sem nú er að ljúka námi, hvort sem er í menntaskóla eða háskóla, hefur þolað gríðarlegar skerðingar á félagslífi og frelsi. Fólkið sem upplifði ekki ferðafrelsið fyrir 2001 er fólkið sem hvað verst hefur farið út úr viðbrögðum við heimsfaraldrinum. Brýnt er að hlúa að því. Í þeim verkefnum sem fram undan eru skiptir miklu að gleyma því ekki hvernig lífið var áður en okkur óraði fyrir að verða einhvern tíma bannað að mæta í skólann, á ball eða í kaffi til ömmu og afa. Við sættum okkur við varanlegar frelsisskerðingar sem afleiðingu af árásunum árið 2001 enda sú ógn talin varanleg en það sama á ekki við í tilfelli heimsfaraldurs Covid-19.

Nú ríður á að lífið komist sem fyrst í eðlilegar skorður og með því að bjóða fráfarandi nemendum sínum ekki að fagna þeim stóra áfanga sem útskrift úr háskóla er, um komandi helgi, stóð æðsta menntastofnun landsins sig ekki í þeim efnum. ■

> „Það er skammarlega lítill hátíðarbragur yfir því.




## Halldór




## Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

**Hin hlýðnu**
Þótt Verbúðarþættirnir hafi sameinað þjóðina í línulaga áhorfi og maraþonbirtingum á myndum af sjálfri sér á léttu skeiði níunda áratugarins munu þeir líklega seint stuðla að meiri sátt um kvótakerfið. Skjálftamælar á Facebook merkja jafnvel meiri og heitari andúð á kerfinu en áður. Þannig leggur Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks, út af „magnaðri lokasenu“ þáttanna og kveðjuorðum hins spillta þingmanns Jóns Hjaltalín áður en hann og spáir í raunverulegt framhald þáttanna. „En framhaldið verður einnig að fara fram í okkar raunheimi. Við hlýddum en eigum ekki að hlýða lengur. Nóttin varð ekki góð eins og við vitum mæta vel. Það er okkar allra að vakna og skapa samfélag sem sátt er um.“

**Fullkominn glæpur**
Fyrrverandi alþingiskonan Ólína Þorvarðardóttir horfir vestfirskum augum á lokaþátt Verbúðarinnar á Facebook þar sem hún þakkar öllum sem að þáttunum stóðu fyrir að hafa opnað augu margra. „Og þá er til nokkurs unnið,“ skrifar Ólína með annað augað á baksýnisspeglinum. „Kvótakerfið í þeirri mynd sem því var komið á var, að segja má, hinn fullkomni glæpur, framinn fyrir opnum tjöldum með samþykki Alþingis. Misgjörð sem aldrei hefur fengist leiðrétt.“ ■

# Garðabær í vexti



Gunnar Einarsson
bæjarstjóri Garðabæjar

Garðabær er bær í vexti og 2021 fjölgaði íbúum um 760 eða 4,3 prósent sem er mesta fjölgun meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Með mikilli fjölgun íbúa og uppbyggingu í bænum er áfram mikilvægt að halda uppi góðri þjónustu við bæjarbúa og gott veganesti er að fá fram sjónarmið íbúa með árlegum könnunum eins og þjónustukönnun Gallup. Í könnuninni er viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins mælt.

Garðabær lendir í fyrsta sæti þegar spurt er um ánægju með þjónustu grunnskóla í samanburði við önnur sveitarfélög og í heildina eru niðurstöður góðar þar sem Garðabær er í efstu sætum og fyrir ofan meðaltal í öllum spurningum utan einnar í samanburði við önnur sveitarfélög.

Afar ánægjulegt er að sjá að Garðabær er í fyrsta sæti stóru sveitarfélaganna þegar spurt er um þjónustuna á heildina litið, bæði út frá reynslu og áliti. Könnunin var framkvæmd þegar miklar takmarkanir voru í gildi í samfélaginu og meðaltal sveitarfélaga í heild lækkar í flestum spurningum og sömuleiðis á það við um svör Garðbæinga. Það skiptir máli að vera vakandi yfir þessu og sjá hvernig áhrifin af faraldrinum verða þegar fram líða stundir.

Áfram eru tækifæri til úrbóta í ýmsum málaflokkum, svo sem þjónustu leikskóla, sorphirðu og þjónustu við fatlað fólk. Garðabær hefur ávallt nýtt niðurstöðurnar til að gera enn betur. Með uppbyggingu nýrra hverfa hefur barnafólki í bænum fjölgað og er það mikið ánægjuefni en um leið áskorun þegar leik- og grunnskólar sem eru fyrir stækka og nýir bætast við.

Starfsfólk Garðabæjar hefur verið lausnamiðað í starfi og sýnt mikla seiglu og það er þakkarvert hversu vel hefur tekist til við að halda úti skólastarfi og þjónustu við íbúa á krefjandi tímum á liðnum misserum.

Jafnframt vil ég þakka bæjarbúum fyrir góðar ábendingar um það sem má gera betur í þjónustu til þeirra. ■

> „Garðabær hefur ávallt nýtt niðurstöðurnar til að gera enn betur.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Blái herinn og bláa höndin



Kristján Hreinsson
skáld

Í tveimur blaðagreinum á síðasta ári benti ég á það spillingarafl sem Blái herinn er. Ég hef sýnt og sannað að þar er ekki á ferðinni neinn her, heldur einn hermaður sem fær helling af peningum úr vösum skattgreiðenda fyrir að gera ekkert nema skreyta sig stolnum fjöðrum. Þetta hef ég sýnt og sannað með svo óyggjandi hætti að eigandi Bláa hersins hefur ekki mótmælt einu orði af því sem í greinum mínum kemur fram. Grunnurinn er einnig sá að Blái herinn fær styrki þrátt fyrir að hann skili ekki ársreikningi. Þetta er ólöglegt og opinberum aðilum er því ekki stætt á að veita Bláa hernum slíka styrki.

**Hvílík spilling**

Ég sendi ráðuneyti umhverfismála skrif mín í fyrra og var að vona að menn áttuðu sig á þeirri spillingu sem hér er á ferð. Blái herinn skreytir sig stolnum fjöðrum, allar ársskýrslur eru fullar af hreinni lygi og hinn svokallaði her hefur fengið styrki til verkefna sem aldrei hafa verið framkvæmd.

Núna er staðreyndin sú að bláa höndin ætlar að veita Bláa hernum 7.500.000 krónur í styrk. Sjö og hálf milljón fer frá sjálfstæðismanni til Bláa hersins og skattgreiðendur borga. Ég gæti skilið þennan vitleysisgang ef Blái herinn hefði gert eitthvað til að verðskulda sjö og hálfa milljón í styrk. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi svokallaði her hefur ekkert unnið sem vert er að styrkja. Engu að síður er mokað peningum í mann sem laug til sín fálkaorðu með því að þykjast vera æðislega duglegur og með því að birta af sér myndir þar sem hann er í fjöruferð með forseta Íslands. Þetta er ekkert grín.

Á vef ráðuneytis umhverfismála segir: „Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hefur kynnt fjögur verkefni sem fá úthlutað styrkjum til verkefna sem felast í hreinsun strandlengju Íslands.“ Þar segir síðan: „Tilgangurinn með styrkveitingunum er sá að strandlengja Íslands verði hreinsuð með skipulegum hætti, hreinsuðum ströndum verði haldið við, efla vitundarvakningu hjá almenningi um mikilvægi strandhreinsana og virkja áhugasama aðila til þátttöku í átaki um hreinsun strandlengjunnar.“ Svo er vitnað í orð Guðlaugs Þórs: „Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að draga úr plastmengun á ströndum og á hafi. Frjáls félagasamtök og sjálfboðaliðar hafa gegnt lykilhlutverki við þessa hreinsun. Við viljum styðja þau í þessu verki.“

> „Er hægt að veita vinum alla peninga sem þeir biðja um? Er nóg að tilheyra flokksklíku?

Þá segir á síðu ráðuneytisins:

Styrkirnir voru auglýstir þann 10. nóvember 2021 og bárust fjórar umsóknir um styrki. Heildarstyrkupphæð er 20 milljónir króna.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk til verkefna sem felast í hreinsun á strandlengju Íslands:

**Styrkveitingar til hreinsunar**

| Umsækjandi | Styrkupphæð |
|---|---|
| Blái herinn | 7.500.000 |
| Veraldarvinir | 7.500.000 |
| Oceans Missions | 2.500.000 |
| Seeds | 2.500.000 |



Nær tíu milljónir fyrir að gera ekki neitt.

Fyrr á síðasta ári fékk Blái herinn 2.000.000 króna til verkefnis sem enn hefur ekki farið af stað. Sjö og hálf milljón bætast við sem styrkur fyrir árið 2021. Guðlaugur Þór Þórðarson er hér að opna spillingarleikinn upp á gátt. Nú hefur Blái herinn fengið níu og hálfa milljón úr sameiginlegum sjóðum. Í fyrsta lagi er þetta ólöglegt, í öðru lagi er þetta siðlaust, í þriðja lagi er þetta spilling og í fjórða lagi er þetta ömurleg ráðstöfun.

Ég hef ekki einn manna farið í saumana á þeirri spillingarhít sem Blái herinn er. Þar er einn maður, sem er í fullu starfi við annað en strandhreinsun, hann treður sér inn í verkefni sem aðrir skipuleggja, hann fyllir heimasíðu Bláa hersins og Facebook-síðu af stolnum fjöðrum. Og hvað gera ráðamenn í málinu. Jú, þeir gefa honum helling af peningum.

Hvernig er það með spillingaröflin? Er hægt að veita vinum alla peninga sem þeir biðja um? Er nóg að tilheyra flokksklíku? Er hægt að vera í eilífum þykjustuleik og fá greitt úr sameiginlegum sjóðum landsmanna?

Ég skaut föstum skotum að Bláa hernum og eiganda hans í greinum mínum í fyrra. Þá var eiganda Bláa hersins boðið að mótmæla orðum mínum. En hann sá að það myndi ekki gera honum gagn. Vitandi af eigin lygavef ákvað hann að þræta ekki. En hvað gerist svo. Hann nuddar sér utan í stjórnendur flokksvélarinnar og vélabrögðin láta ekki á sér standa. Niðurstaðan er: Blái herinn fær nær 10 milljónir á árinu 2021 fyrir að gera ekki neitt.

Er ekki kominn tími til að fletta ofan af spillingunni á Íslandi? ■

# Áskoranir og tækifæri í EFTA-samstarfinu



Diljá Mist Einarsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins og situr í þingmannanefnd EFTA

> „EFTA-samstarfið stendur því frammi fyrir miklum áskorunum en jafnframt tækifærum.

Þingmannanefnd EFTA (Fríverslunarsamtaka Evrópu) fundaði í Brussel í liðinni viku, en Alþingi á fimm fulltrúa í nefndinni. Á fundinum fóru nefndarmenn frá Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss yfir starfsemi EFTA og stöðu og þróun fríverslunarsamninga og alþjóðaviðskipta í víðara samhengi.

Reykjavíkurborg auglýsir eftir kaupendum að járnsílói sem stendur við Sævarhöfða 33 Reykjavík. Sílóið er boðið til kaups í því ástandi sem það er. Áhugasamir kaupendur eru hvattir til að skoða sílóið þar sem það stendur við Sævarhöfða. Kaupendur þurfa að fjarlægja sílóið af núverandi stað innan fjögurra vikna frá kaupum.

**Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi í þjónustuver Reykjavíkurborgar eigi síðar en kl. 12 á hádegi þriðjudag 8. mars 2022 merkt „Silo Sævarhöfða 33"**

**Finna má frekari upplýsingar á vef Reykjavíkur á reykjavik.is/leiga.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Eignaskrifstofa Reykjavíkur esr@reykjavik.is**









## Reykjavíkurborg auglýsir eftir áhugasömum kaupendum að húsgrind sem er í Grasagarðinum í Laugardal.







Grindin er boðin til kaups í því ástandi sem hún er. Hún er um 38 m. á lengd og um 9 m. á breidd.

Áhugasamir kaupendur eru hvattir til að skoða grindina þar sem hún er í Grasagarðinum í Laugardal. Grindin þarf að hafa verið fjarlægð frá núverandi stað innan fjögurra vikna frá kaupum.

**Umsóknum skal skilað í lokuðu umslagi í þjónustuver Reykjavíkurborgar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi þriðjudag 8. mars 2022 merkt „Húsgrind Laugardal"**

**Finna má frekari upplýsingar á vef Reykjavíkur á reykjavik.is/leiga.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Eignaskrifstofa Reykjavíkur esr@reykjavik.is**

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

**Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingum deiliskipulags Silfurtúns og tillögu að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda í samræmi við 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 1 mgr. 41. gr.**

**Deiliskipulag Silfurtúns, Deiliskipulagsbreyting vegna nýtingarhlutfalls**

Tillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða breytist úr 0,3 í 0,35. Þar sem hæðarmunur á lóð býður upp á útfærslu húss með kjallara verði hámarks nýtingarhlutfall 0,45.

**Lyngás 7 – 9. Breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda**

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðirnar Lyngás 7 og 9 eru sameinaðar. Heildarfjöldi fermetra atvinnuhúsnæðis og íbúða er óbreyttur. Heimilt verður að reka leikskóla á lóðinni allri eftir sameiningu. Tillagan gerir auk þess ráð fyrir minniháttar leiðréttingum og aðlögunum á texta greinargerðar.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 29.03.2022, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

GARÐABÆR
gardabaer.is






## Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

## Markaðurinn

Miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra þau Helgi Vífill Júlíusson, Magdalena Anna Torfadóttir og Elín Hirst.

HRINGBRAUT

# Sérfræðingar í ráðningum

Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig







lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is


Undirfatadagar í Curvy
20% afsláttur
Af öllum undirfötum
dagana 14-20 febrúar
Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg
FRÍ HEIMSENDING
EF ÞÚ VERSLAR YFIR
5.000 KR
Queen Bae
Brjóstahaldari
7.992 kr
9.990 kr
Frammsmelltur-
Brjóstahaldari
7.992 kr
9.990 kr
Pour moi
Brjóstahaldari
6.392 kr
7.990 kr
Íþróttahaldari
7.192 kr
8.990 kr
Sexy náttkjóll
frá Zizzi
6.392 kr
7.990 kr
Curvy
Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Toyota Hilux Invicible 33" breyttur. Ekinn aðeins 35 þús km. Sjálfskiptur með pallhúsi. Dráttarkrókur. Stigbretti. Glæsilegt eintak. Verð aðeins: 7.490.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Rafvirkjun

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

**RAFLAGNIR, DYRASIMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

**Sérsmíðum glugga og úti-svalahurðir**
- Önnur sérsmíði á verkstæði.
- Allt almennt viðhald innanhúss og utan
- Tilboð eða tímavinna.

Smíðsafl ehf.
smidsafl@hive.is
s:6938773

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211
VISA EURO

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Mobility.is
Hjól og hjálpartæki sala og leiga

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

2. herb. ca. 50fm íbúð á sv. 108 v. Suðurlandsbr. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. eldri en 30 ára. 170 þús. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# LOFTVIFTUR
## Dreifðu varmanum betur
Haltu loftinu á hreyfingu
Sjáðu úrvalið www.viftur.is

Tilboð 24.990 kr (var 27.367 kr)






Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

LOFTRÆSTING FYRIR SÉRBÝLI



EIGUN Á LAGER
-KERFI
-DREIFIBOX
-STÚTA
-BARKA

Tilboð 21.990 kr (var 23.075 kr)



Jet 1 - 105 cm

HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR



KRAFTVIFTUR
ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR



Verð 13.898 kr

ÞAKBLÁSARAR
MIKIÐ ÚRVAL AF STÆRÐUM OG GERÐUM.



ÞURRKEFNI
FÁÐU TILBOÐ Í MAGN!




ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið viftur.is
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur


REXTON
DULDIR HÆFILEIKAR
AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT
ÞAÐ MIKILVÆGASTA
Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

## Veðurspá Þriðjudagur




Hvöss austanátt og slydda eða snjókoma með morgninum, einkum suðaustan til. Lægir og dregur úr ofankomu um landið vestanvert, en austanlands í kvöld. Hiti í kringum frostmark. ■

## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 rófa
5 aftra
6 goð
8 fipa
10 í röð
11 stafur
12 línurit
13 lesa
15 tímaeining
17 hindra

**LÓÐRÉTT**
1 dreifður
2 hnarreist
3 önn
4 tefja
7 jafnhliða
9 ske
12 laut
14 stansa
16 verkfæri

**LÁRÉTT:** 1 skott, 5 tef, 6 ás, 8 ringla, 10 jk, 11 emm, 12 graf, 13 læra, 15 ljósár, 17 aftra.
**LÓÐRÉTT:** 1 strjáll, 2 keik, 3 ofn, 4 tálma, 7 samfara, 9 gerast, 12 gróf, 14 æja, 16 ár.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

Hilmir Freyr Heimisson (2.312) átti leik gegn Jan Marn (2.221) á alþjóðlegu móti í Serbíu.

**51...Hxf3+!** (miklu betra en 51...Kf7 52. Rxe5+ Kxe7 53. Rxg6 Hxg6 54. Bg2). **52.Kxf3 Kf7 53.Kf2 Be6 54.Hd6 Kxe7** og svartur vann skömmu síðar. Hilmir Freyr vann mótið og náði sínum lokaáfanga að alþjóðlegum meistaratitli. Vignir Vatnar Stefánsson og Alexander Oliver Mai tefla einnig í Serbíu.

**www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur. ■

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








# MATUR OG HEIMILI
## LÍFSSTÍLSBLAÐ

Föstudaginn 18. febrúar mun sérblaðið Matur og heimili fylgja Fréttablaðinu.

Sjöfn Þórðardóttir ritstjóri og stjórnandi þáttarins Matur og heimili mun ritstýra þessu blaði.

Í blaðinu verðum við með umfjöllun um mat, skemmtileg viðtöl og innlit á falleg heimili svo eitthvað sé nefnt.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**
Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi.
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Sýning Marinós stendur til 1. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Nú stendur þarna risastór rúst með steinplötum hangandi yfir öllu og burðarbitar. Það er stórhættulegt að þvælast þarna um.

# Yfirgefið leiksvið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

**Marinó Thorlacius ljósmyndari er með einkasýningu í sal Þjóðminjasafnsins. Myndirnar eru frá Straumnesfjalli á Vestfjörðum en þar var á sínum tíma rekin herstöð. Sýningin stendur til 1. maí.**

Straumnesfjall stendur milli Aðalvíkur í suðri og Rekavíkur í norðri og er nú hluti af friðlandinu á Hornströndum. Þar byggði og starfrækti bandaríski herinn ratsjárstöð á tímum kalda stríðsins í þrjú ár, frá árinu 1958 til 1961. Hreinsun á fjallinu og nærliggjandi svæðum var framkvæmd árið 1991 í samvinnu hersins og Íslendinga þó enn megi sjá greinileg ummerki um þessa starfsemi á fjallinu.

**Andlegt helvíti**

„Ég heyrði af þessari stöð þegar ég var krakki og þá fylgdi sögunni að staðurinn væri eins konar andlegt helvíti fyrir hermenn á svæðinu sem sumir hefðu stokkið fram af fjallinu í þrúgandi þoku,“ segir Marinó. „Þegar ég fór að fást við ljósmyndun fann ég þörf fyrir að fara á svæðið, það togaði í mig. Ég fór og lenti í vondu veðri í þoku. Það skipti ekki svo miklu máli því ég var að leita í óþægindin, vildi kynnast af eigin raun andrúmsloftinu þarna. Ég kom til baka með blautar filmur og það sést á myndunum.“

> **Ljósmyndarinn**
>
> Marinó Thorlacius sýndi ljósmyndir sínar fyrst árið 2004 og hefur síðan starfað við ljósmyndun. Hann vinnur jöfnum höndum að listrænum verkefnum og auglýsingaljósmyndun. Myndir hans hafa birst í innlendum og erlendum tímaritum og á sýningum. Marinó er alinn upp í Örlygshöfn við Patreksfjörð og býr og starfar í Reykjavík og á bernskuslóðum.

**Önnur hlið á svæðinu**

Þessi ferð var farin árið 2015 og Marinó fór síðan aftur á svæðið árið 2019. „Þá nálgaðist ég verkefnið meira grafískt og tók mikið af svarthvítum myndum. Mig langaði líka til að sjá aðra hlið á svæðinu, þarna er ekki bara þoka og þunglyndi heldur líka ótrúlega falleg og stórbrotin náttúra.

Hugmyndafræðin í kringum staðinn vakti áhuga minn. Það voru hugmyndir um að ef einhver þyrfti að dvelja á svona stað þá yrði hann geðveikur og myndi varpa sér fyrir björg. En þetta var auðvitað ekki raunveruleikinn. Margir lýsa því að þeim hafi liðið vel að vera þarna úti í íslenskri náttúru. Þegar svæðið var síðan hreinsað árið 1991 þá varð til yfirgefið leiksvið. Allt lauslegt var tekið og sögusagnir eru um að restinni hafi verið ýtt fram af fjallsbrúninni. Ummerkin segja til um það. Nú stendur þarna risastór rúst með steinplötum hangandi yfir öllu og burðarbitar. Það er stórhættulegt að þvælast þarna um.

Myndirnar sýna ekki beint staðinn sem slíkan, ég er miklu frekar að leitast við að sýna hvernig tilfinning er að vera þarna,“ segir Marinó sem segir myndir frá staðnum líklega eiga eftir að enda í bók. ■



Ég heyrði af þessari stöð þegar ég var krakki, segir Marinó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hugmyndafræðin í kringum staðinn vakti áhuga ljósmyndarans. MYND/AÐSEND

# Spurningar um efnið

kolbrunb@frettabladid.is

Anywhere but Here er sýning á verkum Claire Paugam í Listasal Mosfellsbæjar. Claire er frönsk listakona fædd árið 1991 sem býr og starfar í Reykjavík. Hún hefur verið áberandi í íslensku myndlistarlífi síðustu ár, fékk til að mynda hvatningarverðlaun Myndlistarsjóðs árið 2020 og hélt einkasýningu í D-sal Listasafns Reykjavíkur á síðasta ári.

Kjarninn í vinnuferli Claire er að varpa fram spurningum um efnið með því að stilla viðkvæmri reynslu upp gegn hefðbundnum kerfum reglna og túlkunar. Formleysi, óreiða og sú tilfinning að sleppa tökunum eru aðalþemun sem hún kannar.

Sýningin Anywhere but Here samanstendur af tveimur verkum, annars vegar dagbókum undirmeðvitundarinnar sem er sería af stafrænum klippimyndum með teikningum og hins vegar Á milli inni í mér en það er margmiðlunaruppsetning með færanlegum skúlptúrum.

Síðasti sýningardagur er 11. mars. ■



Claire Paugam sýnir í Listasal Mosfellsbæjar. MYND/AÐSEND

» Formleysi, óreiða og sú tilfinning að sleppa tökunum eru aðalþemun sem hún kannar.

# Heimur engla

kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Gáttir II – Englar er sýning á verkum Regínu Magdalenu í Galleríi Göngum í Háteigskirkju. Þar opnar Regína gátt inn í heim engla og sakleysi barnsins sem mætast í eilífð alheimsins. Áhrif ítalska, klassíska málverksins gætir í litum, áferð og formum verka hennar sem þó endurspegla íslenska dulúð og hulduheima. ■

» Áhrif ítalska, klassíska málverksins gætir í litum, áferð og formum.



Englar og börn mætast í myndum Regínu. MYND/AÐSEND






# Þriðjudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Úrval úr Fréttavöktum vetrarins.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Lífið er lag** Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna.
**20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**06.20 ÓL 2022:** Bein útsending frá keppni í 4x7,5 km boðgöngu karla í skíðaskotfimi á Vetrarólympíuleikunum í Peking.
**07.45 ÓL 2022:** Bein útsending frá keppni í bruni kvenna.
**10.00 ÓL 2022:** Bein útsending frá keppni á listskautum.
**14.00 ÓL 2022:** Bein útsending frá keppni á bobbsleða.
**16.05 ÓL 2022:** Bein útsending frá keppni í bruni kvenna.
**17.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hönnunarstirnin**
**18.19 Strandverðirnir**
**18.29 Þorri og Þura - vinir í raun**
**18.43 Minnsti maður í heimi**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** Eiríkur Hauksson - Mitt á milli Moskvu og Washington.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Kveikur** Vísbendingar eru um að ofskynjunarefni geti gagnast í meðferð við geðsjúkdómum. Rætt er við erlenda sérfræðinga sem hafa rannsakað áhrif slíkra efna og talað við Íslendinga sem hafa nýtt sér þau í lækningaskyni þótt þau séu ólögleg.
**20.40 Ólympíukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins á Vetrarólympíuleikunum í Peking.
**21.05 Síðasta konungsríkið The Last Kingdom**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Rauðir skuggar** Frönsk spennuþáttaröð um lögreglukonuna Auroru sem hefur alla tíð verið heltekin af máli yngri systur sinnar sem var rænt þegar hún var fimm ára.
**23.05 Ógn og skelfing The Terror**
**00.05 Á móti straumnum - Allir hafa séð Ronju nakta Tværs på DR3. Alle har set Ronja nøgen**
**00.35 Kastljós**
**01.00 Kveikur**
**01.35 Ólympíukvöld**
**02.05 ÓL 2022.** Bein útsending frá keppni í svigi karla. Fyrri ferð.
**04.00 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**06.00 Ras Al Khaimah Classic** Útsending frá Ras Al Khaimah Classic.
**11.00 Ras Al Khaimah Classic**
**16.00 Ras Al Khaimah Classic**
**20.30 Qatar Masters** Hápunktarnir frá Evrópumótaröðinni.
**20.55 Ras Al Khaimah Classic**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 Celebrity Best Home Cook**
**15.30 Solsidan**
**15.55 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Block**
**20.10 Ordinary Joe**
**21.00 FBI**
**21.50 FBI. Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Dexter**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 Station 19**
**02.35 The Great**
**03.25 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Að eiga mömmu eða pabba með krabba**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Lestur Passíusálma.** (1 af 50)
**22.20 Segðu mér**
**23.05 Lestin**

## Stöð 2 Bíó

**11.20 Love Exclusivly**
**12.50 The Nanny Diaries**
**14.30 Dirty Dancing**
**16.05 Love Exclusivly**
**17.40 The Nanny Diaries**
**19.20 Dirty Dancing**
**21.00 1917**
**22.55 Dark Crimes** Jim Carrey fer með aðalhlutverk í þessum glæpsamlega spennutrylli frá 2016. Lögreglumaðurinn Tadek finnur líkindi með morði á lögreglumanni og glæp sem sagt er frá í bók rithöfundarins Krystov Kozlow. Þegar Tadek reynir að hafa upp á Kozlow og kærustunni hans, sem starfar í dularfullum kynlífsklúbbi, eykst þráhyggja hans að málinu.
**00.20 The Last Black Man in San Francisco**
**02.20 1917**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Manifest**
**10.05 Britain's Got Talent**
**11.00 Masterchef USA**
**11.40 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**12.00 Call Me Kat**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Amazing Grace**
**13.45 10 Years Younger in 10 Days**
**14.30 Heimsókn**
**14.55 Spegilmyndin**
**15.20 The Good Doctor**
**16.05 The Heart Guy**
**16.50 The Heart Guy**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Shark Tank**
**19.55 Masterchef USA**
**20.35 B Positive**
**20.55 S.W.A.T.**
**21.40 Magnum P.I.**
**22.25 Cold Case** Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu og hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kænsku við lausn þeirra.
**23.10 Cold Case**
**23.55 Angela Black**
**00.40 Coroner**
**01.25 Supernatural**
**02.05 The O.C.**
**02.45 Manifest** Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828. Hvert fór flugvélin í þessi 5 ár? Afhverju hverfa þau og sjá hluti sem erfitt er að útskýra?
**03.30 Masterchef USA**

## Stöð 2 Sport

**08.00 Seinni bylgjan**
**09.00 Tilþrifin**
**09.45 Grindavík - Valur** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**11.25 Keflavík - Breiðablik**
**13.05 Tilþrifin**
**13.50 Seinni bylgjan**
**14.50 Haukar - Fram** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**16.15 Stjarnan - KA/Þór**
**17.40 Grindavík - Valur**
**19.20 Keflavík - Breiðablik**
**21.00 Tilþrifin**
**21.45 Seinni bylgjan**
**22.50 Subway Körfuboltakvöld**
**23.50 Tilþrifin**

## Stöð 2 Sport 2

**07.35 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
**08.25 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**08.50 Spezia - Fiorentina**
**10.30 West Brom - Blackburn**
**12.10 Football League Show**
**12.35 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
**13.25 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**13.50 Real Madrid - Inter**
**15.25Ajax - Sporting**
**17.05 Leipzig - Manchester City**
**18.45 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**19.15 Meistaradeildin - Upphitun**
**19.55 Sporting - Manchester City** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**22.00 Meistaradeildarmörkin**
**22.30 Trail Blazers - Knicks**
**00.25 Sporting - Manchester City**
**02.05 Meistaradeildarmörkin**

# FRAMTÍÐIN Í ORKU-DRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN




CELSIUS ENERGY



## Lykilspurningin



Verbúðardrottningarnar Freydís og Harpa í kvótadramanu miðju.

### Hvernig fannst þér Verbúðin?

toti@frettabladid.is

Verbúðarþáttunum lauk á sunnudagskvöld með hádramatískum en nokkuð fyrirsjáanlegum endapunkti þar sem kvótakerfið var keyrt í gegnum Alþingi. And the rest is history, eins og þar segir. Þættirnir gripu þorra þjóðarinnar heljartökum og hafa jafnvel ratað í þingræður. Forstjóri Samherja, með áratugareynslu af sjávarútvegi, kannast þó ekki við þá mynd sem dregin er upp í þáttunum.

#### Kannast ekki við þessa mynd



**Þorsteinn Már Baldvinsson**
*forstjóri Samherja*

*Hefur þú fylgst með þessum Verbúðarþáttum sem eru búnir að setja þjóðina á hliðina?*

„Ég ætla ekkert að tjá mig um þá," segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri og einn aðaleigandi Samherja, um Verbúðarþættina. „Ég ætla bara að segja að ég hef tengst sjómennsku í áratugi, lengi. Og hef tekið þátt í þessu sem atvinnurekandi frá '83. Ég kannast ekki við þessa mynd sem er verið að draga upp."

#### Saga í pólitísku samhengi



**Halldór Auðar Svansson**
*varaþingmaður Pírata*

„Þetta eru frábærir þættir sem brjóta blað í íslenskum sögulegum skáldskap. Umfjöllunarefni Verbúðarinnar stendur mér og minni fjölskyldu líka sérstaklega nærri af því að föðurafi minn, Kristján Jón Jónsson, var alla ævi sjómaður á Vestfjörðum og svikin með Gugguna gulu áttu ríkan þátt í því að hann varð afhuga Sjálfstæðisflokknum sem hann hafði þó fylgt að málum lengst af," segir Halldór Auðar Svansson, varaþingmaður Pírata, sem vísaði til Verbúðarinnar í sinni fyrstu þingræðu þegar hann spurði Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra um nefnd sem ætlað er að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins.

„Hann sat meira að segja í bæjarstjórn fyrir flokkinn 1962-1974 en síðari tíma þróun flokksins hugnaðist honum alls ekki. Ég þekki því þessa sögu vel en þökk sé Verbúðinni þá er henni hér með haldið rækilega til haga. Það var líka gaman að fá að kíkja aðeins inn á Alþingi sem varamaður til að fá tækifæri til setja þessa sögu í samhengi við það sem er að gerast í pólitík nútímans." ■

> **Þetta snerist allt um fiskinn og vinnuna og börnin. Allir voru saman, einhvern veginn. Meira en fólk er í dag.**



Hjördís Þorleifsdóttir, annar eigenda Gyllta kattarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Frjálsleg og sígild tíska í Verbúðinni

Sannkallað Verbúðar-æði hefur gripið þjóðina. Íslendingar keppast við að rifja upp tónlist og tísku tímabilsins í bland við pólitík. Hafdís Þorleifsdóttir á og rekur verslunina Gyllta köttinn ásamt eiginmanni sínum. Verslunin er staðsett í Austurstræti og sérhæfir sig í notuðum fatnaði, meðal annars fatnaði frá níunda áratugnum.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég var að vinna í fiski á Siglufirði og var í verbúð á Þórshöfn," segir Hjördís Þorleifsdóttir, eigandi Gyllta kattarins. Aðspurð segist hún hafa verið mjög hrifin af þáttunum Verbúðinni. „Þeir voru æðislegir. Þetta var svo mikil nostalgía, fyrir utan hvað þeir voru vel gerðir," segir hún.

„Klæðaburðurinn þar er æði, þau náðu öllu þar. Leikurinn var geggjaður líka. Þetta snerist allt um fiskinn og vinnuna og börnin. Allir voru saman, einhvern veginn. Meira en fólk er í dag," segir Hjördís.

Að sögn Hjördísar hefur tíska tímabilsins haldið velli og sér í lagi hjá yngri kynslóðinni. „Það eru þessar 80's buxur. Karlmenn eru líka að pikka upp tískuna og það finnst mér merkilegt, en þeir eru ekki að pikka upp aðrar vintage tískur."

Hún segir að eldri konur fái gjarnan nostalgíu yfir peysunum. Svokallaðar mom-jeans, sem einkenndu tímabilið, sé þó ekki það þægilegasta sem hún hafi komist í tæri við. „Þetta voru ekki þægilegar gallabuxur. Maður fór frekar í terlínbuxurnar með fellingunum að framan, eða Don Cano jogging gallann," segir hún. „Það er það sem hefur náð sér á strik, ekki kjólatískan heldur street-tískan."

Aðspurð hvað það sé við tískuna sem tali enn til fólks, svarar Hjördís að tískan sé frjálsleg. „Þú getur farið í stóran Don Cano íþróttajakka og gallabuxur, eða góða þykka peysu innan undir. Hún er frjálsleg. Þú þarft ekkert að vera eitthvað visst í laginu. Þú getur bara verið þú sjálf í 80's," segir Hjördís.

Blaðamaður Fréttablaðsins tók Hjördísi á orðinu og skellti sér í fjögur dress sem tilheyrðu tímabilinu.

Það má velta því fyrir sér hvort búningapartí með Verbúðarþema séu það sem koma skal með hækkandi sól og rýmri samkomutakmörkunum. ■



Síður jakki og víðar buxur og þykk peysa undir.



Þessi óvenjulegu sólgleraugu setja punktuinn yfir i-ið í þessari sérstöku samsetningu.



Skræpóttur jakki og svokallaðar mom-jeans tala beint inn í tíðarandann.



Að sögn Hjördísar snerist hluti af lúkkinu um að hlutirnir pössuðu ekki endilega saman.


NÝTT
Sirius
Sirius
Barón súkkulaði
Sirius
Doré karamellusúkkulaði
DORÉ SÚKKULAÐI
100 g
...fyrir hið ljúfa líf
Ógleymanlegar stundir með ómótstæðilegu
eðal súkkulaði fyrir hið ljúfa líf.
NÓI SÍRÍUS
cocoa
HORIZONS




Fyrir lifandi heimili



SOLI Sófaborð. Svört keramikplata með málmfæti. Ø85,7 cm. 114.990 kr.



KATRINE Innskotsborð. Hvít keramík borðplata. Svartir fætur. 50 x 50 x 55 cm. 39.990 kr.




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda á meðan útsölu stendur eða á meðan birgðir endast.

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100





Kristján Hjálmarsson, blaðamaður og auglýsingamógúll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Foreldrar að labba, labba, labba, labba af göflunum

**Saga Garðarsdóttir syngur svo grípandi lag í nýrri auglýsingu Atlantsolíu að foreldrar leikskólabarna eru við að ganga af göflunum á samfélagsmiðlum þótt alls ekki hafi verið lagt upp með að ganga að foreldrum dauðum.**

odduraevar@frettabladid.is

„Það var kannski ekki alveg meiningin,“ segir Kristján Hjálmarsson, framkvæmdastjóri H:N Markaðssamskipta, þegar hann er spurður hvort ný auglýsing Atlantsolíu sé lúmsk tilraun til þess að gera út um geðheilsu foreldra leikskólabarna.

H:N heldur utan um markaðsmál Atlantsolíu og auglýsingar fyrirtækisins, þar sem Saga Garðarsdóttir syngur ýmis lög sem hafa reynst algerir eyrnaormar, hafa vakið mikla athygli og umtal.

Þannig sagði Fréttablaðið frá því í júní að viðskiptavinir af eldri kynslóðinni hefðu beinlínis hótað því að hætta viðskiptum við Atlantsolíu vegna auglýsingar sem kennd er við barnalagið Baby Shark.

Nú syngur Saga lagið Bensínlaus, með mjög svo grípandi laglínu: „Ég er að labba, labba, labba.“ Og samfélagsmiðlar nötra.

„Ok ég get ekki meira af Atlantsolíu ... hjálp,“ skrifaði Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland, á léttum nótum á Twitter um helgina og margir tóku undir.

Annar netverji tístir í gríni: „Ég er að labba, labba, labba, að leita að einhverjum markaðsstjóra til að kæfa, kæfa, kæfa!“



Saga Garðarsdóttir



Hörður Ágústsson

**Tilganginum náð**

„Við viljum auðvitað alltaf koma Atlantsolíu efst í huga neytenda. Það virðist vera að ganga ágætlega,“ segir Kristján og hlær. Bensínlaus er eitt af fjórum lögum sem Atlantsolía gefur út á plötunni „Reif í dæluna!“ sem er komin á Spotify.

„Nafnið er vísan í gömlu raveplöturnar sem komu út á níunda áratugnum, eða hvað það var, og þetta er í raun framhald á Baby Shark-útgáfunni, nema núna með alveg frumsömdum lögum sem Helgi Sæmundur úr Úlfi Úlfi á heiðurinn af og Saga Garðarsdóttir syngur svona snilldarlega.“

Kristján segir viðtökur plötunnar hafa farið fram úr björtustu vonum en á Spotify er Bensínlaus einmitt vinsælasta lagið. „Og það er ekkert hægt að neita því að við sækjum alveg innblástur í svona snilldartónlistarmenn á borð við Crazy Frog og Gummi Bear,“ segir Kristján um heilaorminn.

Kristján tekur aðspurður undir að ef til vill hefði verið ráð að búa starfsfólk fyrirtækisins sérstaklega undir hugsanleg viðbrögð almennings við laginu: „Já, ég þarf kannski aðeins að fara að ræða þetta við hana Rakel, markaðsstjóra hjá Atlantsolíu, svo hún fái ekki allt hate-ið,“ segir Kristján enn hlæjandi.

**Skemmtileg umræða**

„Nei, nei, það er gaman að fylgjast með umræðunni á samfélagsmiðlum. Fólk tekur mjög misjafnlega í þetta. Við höfum séð TikTok-myndbönd þar sem fólk er að nota lagið og þetta er metnaðarfull framleiðsla!

Svo koma svona gamlir tuðandi karlar eins og Hörður Ágústsson í Maclandi, sem er góður vinur minn og allt það, en er bara orðinn svo fúll og reiður á Twitter,“ segir Kristján skellihlæjandi:

„Við sem þekkjum til vitum alveg að Hörður er ekki með góðan tónlistarsmekk, þannig að hann getur bara haldið áfram að hlusta á Creed og verið reiður út í lífið. Nei, ég segi svona. Mér þykir alltaf jafnvænt um hann,“ segir Kristján sem hefur ekki sloppið alveg sjálfur og viðurkennir að sonur hans sé með lagið á heilanum.

„Svo á einn samstarfsmaður minn tveggja ára dóttur sem allt í einu byrjaði að syngja þetta lag heima, en hann hefur aldrei spilað lagið heima fyrir hana. Hann spurði hana hvar hún hefði heyrt þetta, og þá var það bara á leikskólanum,“ segir Kristján, enn hlæjandi. ■

# Búðingur með verbúðarbragði

odduraevar@frettabladid.is

„Mikið rosalega er þetta vont,“ segir rithöfundurinn Hallgrímur Helgason sem greindi alþjóð frá smökkun sinni á nýjasta útspili Royal búðings-manna, Eitt sett-búðingnum, á samfélagsmiðlinum Facebook um helgina svo athygli vakti.

„Nei, þetta var eiginlega alveg hræðilegt,“ segir Hallgrímur hlæjandi en aðspurður út í bragðið á búðingnum lýsir hann því sem eins konar Hockey Pulver bragði.

„Sem ég er nú ekki mikið fyrir, þannig að maður var kannski að kaupa þetta á vitlausum forsendum,“ segir Hallgrímur. „Maður heldur að það sé súkkulaði og kannski lakkrísbragð af þessu en það virðist ekkert hægt að endurlífga þetta Royal-búðingaform.

Þetta er bara dautt, þetta er bara búið. Þetta var fínt á tímum verbúðarinnar en bragðlaukar þjóðarinnar hafa þroskast svo mikið undanfarin ár. Ég meina, fólk hafði ekkert bragðað musso chocolate eða crème brûlée á þessum árum,“ segir Hallgrímur.




Hallgrími þykir bragðið af búðingnum heldur gamaldags.



Hallgrímur Helgason, rithöfundur, þýðandi, skáld og myndlistarmaður

Inntur frekari svara um bragðið af búðingnum segir Hallgrímur:

„Það er eitthvað svona hockey pulver/iðnaðarsaltbragð. Þetta er algjör vibbi sko.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# Við hlökkum til að taka á móti þér!










Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

frettabladid.is
550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

**Bakþankar**



Péturs Georgs Markan

## Hundrað og áttatíu

Vélbyssa er ekki verkfæri til að veiða bráð heldur til að drepa mannfólk. Drepa mannfólk með sem mestum afköstum. Þess vegna ryður hún frá sér kúlum án hiks og bakþanka þegar fingurinn hefur einu sinni strokið gikkinn.

Samkvæmt lögreglunni eru um 180 vélbyssur skráðar á Íslandi. 180 vopn til mögulegra fjöldamorða. Í sömu frétt er sagt frá því að þrettán sinnum fleiri sjálfvirk vopn hafi verið flutt inn til Íslands árið 2020 í samanburði við árið 2019. Þrettán sinnum.

Embættismaður lögreglunnar hefur hins vegar ekki áhyggjur af þessum fjölda – þessar byssur eru nefnilega allar skráðar og því er þessi þróun ekki áhyggjuefni – hún lýsir áhuga safnara. Áhuga og ástríðu einstaklinga á að eiga vopn sem ætlað er til fjöldamorða.

Nú hefur með skömmu millibili verið tilkynnt um tvær alvarlegar skotárásir þar sem einstaklingar hafa verið vegnir af ásetta ráði með byssum. Í báðum tilfellum lifðu einstaklingarnir af með alvarlega áverka þegar þetta er skrifað. Í öðru tilfellinu gekk maður um með byssu og skaut af í miðbæ Reykjavíkur. Þá er ekki langt síðan maður var veginn í Rauðagerði fyrir utan húsið sitt.

Það eru ekki til safnarar sem safna vélbyssum. Það er lygi. Það eru til menn sem vilja eiga vélbyssur.

Stjórnmál eru, þegar best lætur, list þess að draga saman ólíkar skoðanir á lýðræðislegan hátt. Til eru samt mál sem langflest fólk er sammála um. Að banna vélbyssur í einkaeigu er eitt slíkt. Enda ekki um hagsmunamál að ræða, heldur algilda reglu um að drepa ekki fólk. Alþingi hefur enga afsökun. Klárið málið! ■




